


Skýrsla náms- og starfsráðgjafa, skólaárið 2019-2020



Inngangur

Náms- og starfsráðgjöf FMOS er fyrir ALLA nemendur skólans og er skipulögð með það að leiðarljósi að hún sé **fyrirbyggjandi, græðandi, fræðandi og þroskandi**. Náms- og starfsráðgjafar eru sérfræðingar í ráðgjöf um nám, hvort heldur sem er í námi eða um nám en einnig um störf og vinnumarkað. Hlutverk þeirra er að stuðla að velferð nemenda með hagsmuni þeirra að leiðarljósi, vera trúnaðarmenn þeirra og talsmenn innan skólans.

Þetta skólaár var einn náms- og starfsráðgjafi við skólann í 100% stöðuhlutfalli.

Skólaárið byrjaði með svipuð móti og árin á undan en þegar líða tók á vorönn þá breyttust aðstæður hjá okkur snarlega þegar við þurftum að færa alla kennslu yfir í fjarnám og ráðgjöfina líka. Þetta var gert vegnar heimsfaraldarins, Covid 19 en allir framhaldsskólar landsins lokuðu 16. mars og lauk skólaárið í fjarkennslu. Óneitanlega setti það svip á ráðgjöfina en í stað þess að nemendur kæmu í viðtöl

Þá hringdi náms- og starfsráðgjafi ásamt áfangastjóra og aðstoðarskólameistara í nemendur til að athuga viðbrögð þeirra og líðan við því að vera svo skyndilega kominn í fjarnám.

Hér á eftir verður gerð nánari grein fyrir verkefnum náms- og starfsráðgjafar FMOS. Tilgangurinn er að leggja mat á starfið og fá heildarsýn til að bæta þjónustu við nemendur skólans.

Verkefni náms- og starfsráðgjafa

Helstu verkefni náms- og starfsráðgjafar FMOS skiptast í *ráðgjöf, stjórnun, kynningar og endurmenntun*. Í töflu 1 má sjá verkefnalýsingu hvers flokks fyrir sig auk þess tíma sem áætlaður er í hvern flokk.

Tafla 1. Yfirlit yfir verkefni náms- og starfsráðgjafar FMOS, tímaáætlun og vægi verkefna (100% starfshlutfall)

Verkefni	%	klst/ári
I Ráðgjöf: einstaklingsráðgjöf, hópráðgjöf, rafræn ráðgjöf, náms- og starfsval og náms- og starfsfræðsla (undirbúningur, eftirfylgni)	70	1224
II Stjórnun: áætlanagerð, skráningar, skýrslugerð, mat og þróunarvinna, fundir, nefndarstörf og önnur tilfallandi verkefni í samráði við stjórnendur s.s. námsmat, innritun, áminningarferli og áfangar í boði.	20,5	360
III Kynningar á skólanum og þjónustunni: foreldrafundur, grunnskólakynningar, móttaka nýnema.	5	88
IV Endurmenntun: fræðslufundir, námskeið, námsferðir og faghandleiðsla.	4,5	80
Alls:	100	1752
Viðbótarorlof (skv. kjarasamningi KÍ)		+48


Ráðgjöf

Heildarfjöldi innritaða nemenda á haustönn 2019 voru 333 og á vorönn 2020 voru 313 nemendur við nám í skólanum. Hér á eftir fer nánari umfjöllun um verkefni náms- og starfsráðgjafa sem snúa beint að nemendum.

Einstaklingsráðgjöf

Fjöldi ráðþega og ástæður fyrir komu

Náms- og starfsráðgjafi FMOS hefur komið að málum fjölmargra nemenda á skólaárinu. Alls leituðu 236 (71%) nemendur FMOS til ráðgjafarinnar um haustið en 228 (73%) nemendur að vori. Heildarfjöldi viðtala á skólaárinu var 922, sjá mynd 1. Fækkun viðtala má væntanlega rekja til lækkun stöðuhlutfalls náms- og starfsráðgjafar við skólann ásamt heimsfaraldrinum, Covid - 19.



Mynd 1. Yfirlit yfir heildarfjölda viðtala, samanburður á milli skólaára.

Ástæður fyrir komu til náms- og starfsráðgjafa voru:

- aðstoð við skipulag, utan um hald verkefna og námstækni
- persónulegir og félagslegir erfiðleikar
- ráðgjöf og aðstoð vegna vals á áföngum, töflubreytinga og innritunar
- ráðgjöf vegna náms- og starfsvals, áhugagreining og upplýsingagjöf

Flestir nemendur sem nýta sér þjónustuna koma af eigin frumkvæði en nokkrir nefndu tilvísun frá forráðmönnum, kennurum og stjórnendum.

Í tölum um fjölda ráðþega eru ekki þau símtöl sem hringt voru í nemendur í samkomubanninu sem hófst 16. mars. En náms- og starfsráðgjafi ásamt áfangastjóra og aðstoðarskólameistara hringdu í 248 nemendur en af þeim svöruðu 165. Tilgangurinn var að heyra hvernig nemendum hefði gengið að færa sig úr staðnámi yfir í fjarnám án mikils fyrirvara. Kennarar voru hvattir til að láta stjórnendur eða náms- og starfsráðgjafa vita ef þeir voru ekki að sinna náminu og var þá hringt í viðkomandi. Á heildina litið gekk mörgum nemendum vel að koma sér af stað í fjarnámi en aðrir þurftu á stuðningi að halda og var þá stundum hringt í þá oftár en einu sinni.


Samvinna er á milli náms- og starfsráðgjafarinnar og sálfræðiþjónustunnar. Náms- og starfsráðgjafi vísar nemendum til sálfræðings skólans ef nemendur eru í miklum persónulegum vanda.

Mæting nemenda

Fylgst var sérstaklega með mætingu nemenda og haft samband við þá nemendur sem voru með slaka mætingu. Haft var samband við forráðamenn nemenda undir 18 ára eftir þörfum og í samráði við umsjónarkennara. Tilgangurinn var að ná til nemenda áður en þeir hættu alveg að mæta í skólann þar sem slök mæting er sterk vísbending um brotthvarf.

Námserfiðleikar nemenda

Nemendur sem tilkynntu um námslegan vanda voru 128 á haustönn og 112 á vorönn eða 36% af heildarfjölda nemenda skólans á haustönn og 33% á vorönn, sjá mynd 2. Margir þessara nemenda, eða 29% á haustönn og 33% á vorönn, eru með tvær eða fleiri greiningar. Mynd 2 sýnir hvers konar erfiðleika nemendur FMOS eiga við að stríða. Nemendur sérnámsbrautar eru ekki meðtaldir. Nemendur hafa ýmist skilað greiningum um námserfiðleika á skrifstofu náms- og starfsráðgjafa, látið vita munnlega í viðtali við ráðgjafa eða skráð það í INNU. Á nýnemakynningu eru nemendur hvattir til að skila inn greiningum um námserfiðleika sem og eru forráðamenn minntir á það á foreldrafundi í upphafi haustannar.



Mynd 2. Yfirlit yfir greiningar nemenda

Nemendur í áminningarferli

Undanfarin ár hafa náms- og starfsráðgjafar haft umsjón með nemendum í áminningarferli. Náms- og starfsráðgjafar fóru yfir ástundun nemenda eftir miðannarmat og í lok annar og gerðu lista yfir þá nemendur sem fengu áminningu frá skólameistara eða þurfa að fara á samning um bætta ástundun. Náms- og starfsráðgjafar fylgdu síðan þeim nemendum sem fóru á samning sérstaklega eftir. Á þessu ári var sú breyting að áfangastjóri var ráðinn til starfa og er nú samvinna á milli hans og náms- og starfsráðgjafa. Áfangastjóri sér um allt utan um hald en náms- og starfsráðgjafi tekur vikuleg viðtöl við nemendur í áminningarferli yfir önnina.

Nemendur á samning eru boðaðir í viðtal til náms- og starfsráðgjafa í upphafi annar. Nemendur eru bókaðir í vikuleg viðtöl alla önnina og fyrir hvert viðtal er þeim sendur tölvupóstur til að minna á viðtalið. Ef nemendur láta ekkert í sér heyrir í einhvern tíma þá er hringt í þá. Ráðgjöfin felst í því að farið er yfir mætingu og verkefnaskil með nemendum og að aðstoða þá við að setja sér námsmarkmið fram að næsta viðtali.

Alls voru 26 nemendur á samningi á haustönn 2019 en 45 nemendur á vorönn 2020.

Rafræn ráðgjöf

Ráðgjöf fer einnig fram í gegnum miðla eins og síma, tölvupósta og Facebook. Náms- og starfsráðgjöf FMOS heitir Facebook síðan og eru 736 vinir skráðir, aðallega núverandi og fyrrverandi nemendur skólans. Náms- og starfsráðgjafi skólans hefur margoft verið í samskiptum við nemendur í gegnum miðilinn bæði að eigin frumkvæði og einnig að frumkvæði nemendanna. Nemendur eru virkir inni á þessari síðu sem auðveldar ráðgjafa að koma til þeirra skilaboðum. Einnig nýtir ráðgjafi síðuna til að koma upplýsingum um nám og störf til nemenda sem og ýmsum tilboðum sem eru á vegum námsráðgjafarinnar og standa nemendum opin. Helsti gallinn er að ekki eru allir nemendur skólans virkir á Facebook og því er mikilvægt að nota einnig tölvupóst til að upplýsingar komist til allra nemenda. Vert er að taka fram að miðillinn er ekki notaður í persónulega ráðgjöf heldur er hann notaður til að koma upplýsingum til nemenda.

Háskólahermir

Nemendum FMOS, sem voru um það bil hálfnaðir í námi til stúdentsprófs stóð til boða að heimsækja Háskóla Íslands í tvo daga og kynna sér námsframboðið þar. Kynningin fór fram dagana 30. og 31. janúar 2020 og fengu nemendur FMOS leyfi frá kennslu á meðan á heimsókninni stóð.

Í Háskólaherminum heimsótti hver nemandi fjögur af fimm fræðasviðum Háskóla Íslands og fengu að spreyta sig á ýmsum verkefnum.

Markmiðið með heimsókninni er að nemendur átti sig betur á námsframboði Háskóla Íslands og hvað felst í námi á hverju sviði. Einnig að kynnast háskólasamfélaginu í heild. Sjö nemendur frá FMOS fóru í háskólaherminn.

Erlendir skiptinemar

Einn nemandi kom sem skiptinemi frá Belgíu á vegum AFS. Náms- og starfsráðgjafi var tengiliður við nemandann. Einnig kom stúlka frá Sviss og var á hestakjörsviðinu þetta árið. Náms- og starfsráðgjafi var einnig tengiliður við hana.

Bendill

Nemendum FMOS er boðið upp á að taka áhugakönnunin Bendill I og II. En Bendill er könnun sem metur áhuga og birtast niðurstöður myndrænt. Áhugakönnunin hjálpar nemendum til að vera markvissari og skilvirkari í leit að námi eða starfi.

Stjórnun

Heildstæð náms- og starfsráðgjafaáætlun

Náms- og starfsráðgjafi FMOS vinnur samkvæmt fyrir fram ákveðinni starfsáætlun sem nær yfir eitt skólaár í senn. Áætlunin tekur til allra þátta innan verksviðs ráðgjafarinnar og er í samræmi við hlutverk og stefnu skólans. Hafa ber í huga að starfsáætlunin er vinnuþagg og því þarf hún að vera sveigjanleg fyrir tilfallandi verkefni. Áætlunina ber að endurskoða árlega og aðlaga eftir því hvað reynslan kennir.

Kostirnir við áætlanagerð eru margir eins og að auka líkur á að markmið náist, auðvelda að skoða gæði þjónustunnar og þróun hennar svo eitthvað sé nefnt.

Fundir og nefndarstörf

Náms- og starfsráðgjafi sat kennara- og starfsmannafundi og fundaði með stjórnendum og sálfræðingi aðra hverja viku. Einnig á hann sæti í áfallaráði skólans.

Náms- og starfsráðgjafi sótti fund í Mennta- og menningarmálaráðuneytinu til að ræða geðheilbrigðismál í framhaldsskólum landsins. Í kjölfarið gerði hann greinargerð um geðheilbrigðismál fyrir ráðuneytið út frá sjónarhorni náms- og starfsráðgjafa ásamt tveimur öðrum ráðgjöfum.

Í upphafi samkomubanns ákváðu náms- og starfsráðgjafar að hittast á fjarfundi til skrafs og ráðagerðar. Þrír fjarfundir voru haldnir og þar af einn að beiðni Skólameistarafélags Íslands þar sem formaður félagsins mætti ásamt tveimur fulltrúum úr Mennta- og menningarmálaráðuneytinu og Lilju Alfreðsdóttur ráðherra. Þessir fundir voru mikilvægir fyrir ráðgjafana þar sem þeir voru að stíga ný skref í ráðgjöf í breyttu námsumhverfi.

Náms- og starfsráðgjafi sat fundi með umsjónarkennurum.

Náms- og starfsráðgjafar í Mosfellsbæ hittust reglulega til skrafs og ráðagerða. Þetta er mikilvægur samstarfsgrundvöllur þar sem markmiðið er að auka tengsl á milli grunnskólanna í Mosfellsbæ og Framhaldsskólans í Mosfellsbæ.

Samstarf hefur verið við félagsþjónustuna í Mosfellsbæ og Reykjavík vegna einstakra nemenda.

Náms- og starfsráðgjafi FMOS situr í stjórn Félags- náms- og starfsráðgjafa ásamt því að vera í fagráði náms- og starfsráðgjafa í framhaldsskólum. Einnig er hún fulltrúi FNS í Skólamálanefnd FF.

Innritun

Náms- og starfsráðgjafi aðstoðaði stjórnendur við innritun nýnema fyrir vor- og haustönn. Verkefnið felur í sér að samþykkja nemendur í skólann og skrá þá í áfanga ásamt viðtölum við einstaklinga sem óska eftir því vegna innritunar þ.e. verðandi nemendur og forráðamenn í sumum tilfellum.

Val og námsferlar

Náms- og starfsráðgjafi sér um að aðstoða nemendur við að velja áfanga fyrir næstu önn og aðstoða þá við að skipuleggja námið fram í tímann.

Nemar í náms- og starfsráðgjöf

Ákveðið var að taka ekki nema í náms- og starfsráðgjöf þetta skólaárið.

Námskeið

Á haustönn var boðið upp á námskeiðið Kvíði: frestun og skróp í samvinnu við sálfræðiþjónustuna. Stefnt var á annað námskeið á vorönn en því miður varð að fresta því um óákveðinn tíma vegna aðstæðna í þjóðfélaginu.

Kynningar á skólanum og þjónustunni

Foreldrafundur

Einn fundur var haldinn fyrir forráðamenn nemenda í upphafi haustannar og var náms- og starfsráðgjafi þar til ráðgjafar.

Grunnskólakynningar

Á haustönn voru skipulagðar kynningar á FMOS fyrir nemendur í 10. bekk í Lágafellsskóla, Varmárskóla, Klébergsskóla og Tjarnarskóla. Kynningarnar voru unnar í samstarfi við náms- og starfsráðgjafa grunnskólanna. Tilgangurinn með þeim er að nemendur í 10. bekk kynnist kennsluháttum og námsframboði FMOS og fái innsýn í starf skólans.

Á þessari önn var ekki hægt að hafa opið hús vegna samkomubanns. Eftir að samkomubanni var aflétt að einhverju leyti var gerð auglýsing sem birtist í Mosfellingi ásamt Árbæjar- og Grafarvogsblaðinu og einnig voru A3 veggspjöld hengd upp í skólum Mosfellsbæjar þar sem áhugasömum var boðið að hafa samband við náms- og starfsráðgjafa til að skoða skólans. Nokkrir forráðamenn og nemendur nýttu sér þetta tilboð.

Á liðnum árum hefur náms- og starfsráðgjafi heimsótt 9. bekkina í grunnskóla Mosfellsbæjar og Klébergsskóla á Kjalarnesi og kynnt fyrir þeim FMOS. En þar sem skólahald var með óhefðbundnum hætti þessa vorönnina þá féll sú kynning niður.

Ingunnarskóli óskaði eftir að náms- og starfsráðgjafi kæmi í skólann til þeirra með kynningu á FMOS fyrir 10. bekkina og var það gert.

Náms- og starfsráðgjafi sá um að skipuleggja stóra framhaldsskólakynningu fyrir nemendur í 10. bekk í Mosfellsbæ, Grafarvogi og Kjalarnesi ásamt ráðgjöfum í þessum grunnskólum. Fulltrúar frá framhaldsskólum á höfuðborgarsvæðinu voru með aðstöðu á sal FMOS þar sem þeir gátu kynnt sinn skóla fyrir verðandi framhaldsskólanemum og forráðamönnum þeirra. Einnig tók náms- og starfsráðgjafi ásamt áfangastjóra og aðstoðarskólameistara þátt í kynningu á FMOS í nokkrum hverfum á höfuðborgarsvæðinu. Þetta voru hverfiskynningar í FG, Sæmundarskóla, Tækniskólanum í Hafnarfirði, Hagaskóla, Seljaskóla og FÁ.

Nokkuð var um að forráðamenn og/eða nemendur hefðu samband og óskuðu eftir kynningu á námsframboði og skólahúsnæðinu. Þessar kynningar eru óskráðar.

Í janúarmánuði var náms- og starfsráðgjöfum grunnskólanna boðið í heimsókn þar sem skólameistari kynnti skólann og náms- og starfsráðgjafi sýndi þeim húsnæðið. Vel var mætt á kynninguna en hún er haldin annað hvert skólaár.

Móttaka nýnema

Mikilvægt er að vel sé staðið að móttöku nýnema með það að markmiði að greiða fyrir aðlögun þeirra og sporna við brotthvarfi nemenda. Náms- og starfsráðgjafi tók þátt í móttöku nýnema á haust- og vorönn ásamt áfangastjóra og aðstoðarskólameistara.

Náms- og starfsráðgjafi og brúarstjórar Framhaldsskólalabruar tóku viðtöl við nýnema á brautinni í júní og ágúst. Markmiðið með viðtölunum var að kynna væntanlegum nemendum og forráðamönnum þeirra áherslur brautarinnar og kynnast verðandi nemendum lítillega.

Endurmenntun

Í kjarasamningi KÍ-FF er gert ráð fyrir að náms- og starfsráðgjafar afli sér endurmenntunar í 80 klst. árlega miðað við 100% starfshlutfall. Náms- og starfsráðgjafi eru duglegur við að nýta þessa endurmenntunartíma og byrjaði meðal annars í námi til kennsluréttinda í Háskólanum á Akureyri og lauk þar 25 einingum á skólaárinu.

Á haustdögum sótti náms- og starfsráðgjafi ráðstefnuna Menntun til framtíðar. Kynnti sér starfsemi Hugarafis. Framhaldsskólaráðgjöfum var boðið á kynningardag í Háskóla Íslands og nýtti ráðgjafi sér það. Árlega heldur félag náms- og starfsráðgjafa upp á dag náms- og starfsráðgjafa og fer þar fram ýmis fræðsla sem nýtist í starfi.

Á vordögum var fagráð náms- og starfsráðgjafa í framhaldsskólum með tvo fræðslufyrirlestra. Annars vegar um sjálfskaða og sjálfsvígshæðun og hins vegar um jákvæða sálfræði og núvitund.

Náms- og starfsráðgjafi tók þátt í starfsþróunardegi framhaldsskóla. Náms- og starfsráðgjafar hittust í Tækniskólanum og fengu þar góða fræðslu ásamt því að geta rætt saman og fengið ráð hvert hjá öðru.

Lokaorð

Haustönnin hófst með venjubundnu sniði og lauk með ágætum. Eins var með vorönnina framan að eða þar til 16. mars þegar samkomubann var sett á og framhaldsskólum landsins var lokað þannig að allt nám og öll ráðgjöf fór yfir í fjarnám.

Sennilega er eitt ofnotaðasta orðið í dag fordæmalausir tímar og er það ekki að ástæðulausu. Covid-19 hafði áhrif á ráðgjöfina eins og allt annað skólastarf. Nemendur komu ekki lengur í frímínútum eða

eyðum til að kíkja við og fá ráðgjöf eða þanta tíma og því eru viðtölin á þessu ári töluvert færri en árin á undan en símaráðgjöfin hefur aldrei verið jafn mikil og á þessu skólaári.

Á næsta skólaári verður breyting á námsráðgjöfinni þar sem ég er að fara í námsleyfi og því mun Aðalsteinn Jóhann Árnason leysa mig af. Hann var nemi hjá okkur Ingu Þóru þegar hann var að læra náms- og starfsráðgjöfina og hef ég fulla trú á að hann eigi eftir að leysa þetta verkefni vel úr hendi. Gangi ykkur vel næsta vetur og ég hlakka til að koma til starfa að ári liðnu með nýtt veganesti í farteskinu.

Gleðilegt sumar og takk fyrir veturinn

Svanhildur Svavarsdóttir, náms- og starfsráðgjafi FMOS.